



Reykjavík, 24. febrúar 2021
Fundargerð 222. fundar

Tilvísun: 2101002

Miðvikudaginn 24. febrúar var haldinn 222. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. en hún er jafnframt framkvæmdaráð almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 13:00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Haraldur Sverrisson, Ármann Kr. Ólafsson og Ásgerður Halldórsdóttir. Gunnar Einarsson var fjarverandi, í hans stað var Guðjón E. Friðriksson.

Jafnframt sat fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri, Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Ásdís Gíslason upplýsingafulltrúi, Halla Bergþóra Björnsdóttir lögreglustjóri og Ásgeir Þór Ásgeirsson yfirlögregluþjónn. Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn var gestur fundarins.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður.

Fundarritari var Ásdís Gíslason.

Þetta gerðist:

1. Jarðskjálftahrina á Reykjanesskaga

Farið yfir stöðu mála og viðbúnað vegna öflugrar jarðskjálftahrinu sem hófst að morgni 24. febrúar á Reykjanesskaga. Ríkislögreglustjóri hefur ákveðið að lýsa yfir hættustigi vegna skjálftanna til þess að samhæfa aðgerðir og verklag viðbragðsaðila og stofnana. Áhyggjur eru af svæðinu austan við Kleifarvatn og að Bláfjöllum þar sem þar geta orðið skjálftar yfir 6 að stærð, en slíkir skjálftar geta valdið slysum á fólki og töluverðu tjóni. Áhersla dagsins sé því að fólk hugi að forvörnum á heimilum og vinnustöðum

Afgreiðsla: Áhersla verði lögð á samhæfðar aðgerðir á höfuðborgarsvæðinu. Starfsmenn almannavarnanefndar munu sjá um upplýsingagjöf til sveitarfélaganna.

2. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 13:20.

**Fundir vegna AHS verða boðaðir eftir þörfum.
Næsti skipulagði fundur stjórnar er föstudaginn 26. febrúar.**

f.h. Reykjavíkurborgar,
Dagur B. Eggertsson

f.h. Kópavogsbæjar,
Ármann Kr. Ólafsson

f.h. Hafnarfjarðar,
Rósa Guðbjartsdóttir

f.h. Garðabæjar,
Guðjón E. Friðriksson

f.h. Mosfellsbæjar,
Haraldur Sverrisson

f.h. Seltjarnarnesbæjar,
Ásgerður Halldórsdóttir

Rafrænar undirritanir eru á næstu síðu.